

Samþykktir
fyrir
úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Aðilar að nefndinni.

1. gr.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum starfar samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Skipan nefndarinnar.

2. gr.

Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar og þrjú til vara, sem allir skulu vera löglærðir og valdir til tveggja ára í senn. Skal formaður nefndarinnar fullnægja skilyrðum til þess að vera dómari samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998. Viðskiptaráðuneytið, Neytendasamtökin og Samband íslenskra tryggingafélaga velja hver sinn aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni. Nefndin velur sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Starfssvið og störf nefndarinnar.

3. gr.

Nefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.

Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

4. gr.

Nefndin fjallar ekki um:

- a. ágreining, sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld,
- b. kröfu málskotsaðila, sem ekki verður metin til fjár,
- c. fjárhæð iðgjalda váttryggingafélaga,
- d. ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms,
- e. mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávisun skal rökstudd. Máli sem vísað er frá á þessari forsendu skal, gegn greiðslu málskotsgjalds á ný, taka aftur til meðferðar hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

Málskot og málskotsgjald.

5. gr.

Sá aðili sem skýtur máli sínu til nefndarinnar nefnist málskotsaðili. Málskotsaðili getur verið váttryggingartaki, váttryggður, þar á meðal meðváttryggður, réttthafi bóta, tjónþoli og hver sá annar er telur sig eiga rétt til bóta úr váttryggingu eða á annarra hagsmuna að gæta vegna váttryggingarsamnings samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga. Málskot verður að fullnægja skilyrðum 1. mgr. 3. gr. um að ágreiningurinn heyrir undir starfssvið nefndarinnar. Váttryggingafélög skulu kynna viðskiptavinum sínum með tryggilegum hætti möguleika þeirra á að skjóta málum til nefndarinnar.

Aður en málskotsaðili getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag. Málskot verður að hafa borist nefndinni innan árs frá því að málskotsaðili fékk skriflega tilkynningu váttryggingafélags um að kröfu hans væri hafnað.

Bregðist váttryggingafélag ekki við skriflegri kröfu málskotsaðila innan þriggja vikna frá móttöku hennar er málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á er nefndinni heimilt að taka mál til umfjöllunar þrátt fyrir að framangreindu skilyrði sé ekki fullnægt.

Málskotsaðili skal greiða sérstakt málskotsgjald, sem ákveðið skal af þeim aðilum er standa að nefndinni. Miðað er við að málskotsgjald nemi u.þ.b. þriðjungi beins kostnaðar til nefndarmanna við meðferð máls. Málskotsaðili fær málskotsgjald endurgreitt falli mál honum að hluta eða öllu leyti í vil.

Nefndin útbýr sérstakt eyðublað sem auðveldar málskot til nefndarinnar. Eyðublöðin skulu vera fáanleg hjá Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, váttryggingafélögum og Fjármálaeftirlitinu.

Málskotsaðili getur á hvaða stigi sem er dregið mál til baka, en fær þá ekki málskotsgjald endurgreitt nema málið sé afgreitt hjá váttryggingafélagi á grundvelli krafna hans. Málskotsgjald er ekki heldur endurgreitt í þeim tilvikum sem máli er vísað frá nefndinni á grundvelli 4. gr. samþykktanna.

Málskot og fylgiskjöl þess skulu vera á íslensku. Óski málskotsaðili eftir að fá að skjóta máli til nefndarinnar á öðru tungumáli en íslensku er það háð samþykki nefndarinnar.

Mál fellur niður leggi málskotsaðili mál í gerðardóm eða höfðar dómsmál.

Gagnasöfnun.

6. gr.

Þegar málskotsaðili leggur mál fyrir nefndina skal hann gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá váttryggingafélagi sem varða mál hans. Jafnframt skal málskotsaðili heimila nefndinni að leita upplýsinga hjá þeim aðilum sem hafa komið að málinu á grundvelli fagþekkingar sinnar.

Váttryggingafélag skal láta nefndinni í té þau skjöl og gögn sem málið varðar. Jafnframt skal váttryggingafélag annast tilkynningu um málskotið til viðskiptavinar síns berist málskot til nefndarinnar frá öðrum en honum.

Váttryggingafélagi skal gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin ákveður hverju sinni.

Sinni aðili máls ekki upplýsingaskyldu getur nefndin úrskurðað í máli telji hún það úrskurðarhæft eða vísað því frá eftir atvikum.

Fundir og úrskurðir

7. gr.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir nefndarinnar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð.

Nefndin úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér. Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir. Úrskurðir skulu einir færðir til bókar ásamt rökstuðningi. Aðilum máls skal senda úrskurð innan viku frá því að hann var kveðinn upp. Nefndin skal úrskurða innan fjögurra vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft.

Nefndin skal birta alla úrskurði sína án nafngreiningar aðila máls ásamt öðrum upplýsingum um starfsemi nefndarinnar, fyrir lok aprílmánaðar ár hvert vegna næstliðins árs.

Úrskurðir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir málskotsaðila, sem geta ávallt vísað málum til dómstóla þó að þau hafi farið fyrir nefndina. Úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir hlutaðeigandi váttryggingafélag nema félagið tilkynni málskotsaðilanum og nefndinni sannanlega innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur, að það muni ekki hlíta honum og færi rök fyrir afstöðu sinni. Ákveði félag síðar að hlíta úrskurðinum, ber félaginu að tilkynna þá ákvörðun til nefndarinnar.

Vistun nefndarinnar.

8. gr.

Nefndin skal vistuð hjá Fjármálaeftirlitinu, sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við málskotum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna. Málskoti er ekki veitt viðtaka nema málskotsgjald sé greitt. Málskotsaðila skal ætíð kynnt að hann sé óbundinn af úrskurði nefndarinnar og geti höfðað dómsmál uni hann ekki úrskurði hennar.

Starfsmanni Fjármálaeftirlitsins er heimilt að sitja nefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Sérstakt vanhæfi nefndarmanna.

9. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal vikja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum. Komi til þess að nefndin verði ekki fullskipuð vegna vanhæfis er aðilum þeim sem að henni standa heimilt að skipa sérstaka nefndarmenn til meðferðar viðkomandi máls í stað þeirra sem vanhæfir kunna að vera. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá máli telji hann sig vanhæfan.

Endurupptaka máls.

10. gr.

Nefndin getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli samkvæmt skriflegri beiðni tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess. Ekki skal innheimta málskotsgjald við endurupptöku.

Kostnaður.

11. gr.

Fjármálaeftirlitið greiðir kostnað vegna umsýslu og vistunar nefndarinnar. Beinan kostnað til nefndarmanna að frádregnu málskotsgjaldi, þegar við á, greiða þau váttryggingafélög sem aðild eiga að málum.

Breytingar. Uppsögn. Gildistaka.

12. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema með samþykki allra aðila sem að nefndinni standa. Samþykktir þessar eru uppsegjanlegar með sex mánaða fyrirvara.


13. gr.

Aðilar staðfesta samþykktir þessar með undirritun sinni og öðlast þær gildi þann 1. janúar 2006. Samþykktir þessar skulu birtar í Stjórnartíðindum.

Reykjavík, 21. nóvember 2005



Valgerður Sverrisdóttir
viðskiptaráðherra.



F.h. Neytendasamtakanna,
Jóhannes Gunnarsson.



F.h. Sambands íslenskra tryggingafélaga,
Sigmar Ármannsson.